

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. febrúar 2017
UST201702-059/S.A.J.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Sjógönguseiðastöð við Þorvaldsdalsárós

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að reisa nýja sjógönguseiðastöð við ósa Þorvaldsár í útjaðri þorpsins á Árskógssandi. Breyta þarf aðalskipulagi í sveitafélaginu og gera nýtt deiliskipulag fyrir svæðið sem er í dag óbyggt landbúnaðarsvæði.


Fyrirhuguð hámarks ársframleiðsla seiðastöðvarinnar eru 1.200 tonn og hámarks standandi lífmassi verði 572 tonn. Í tilkynningunni er annars vegar fjallað um hámarks framleiðslu og hins vegar þá framleiðslu sem áætluð er fram til ársins 2020 sem er ekki nema rétt rúmlega hámarks árs framleiðslan sem fyrirhugað er að sækja um leyfi fyrir. Í kafla 4.2 um losun lífrænna efna er gengið út frá þeirri framleiðslu er áætluð er fyrstu fjögur til fimm rekstrarár stöðvarinnar en ekki hámarksframleiðslu. Rætt er um mögulega hámarksframleiðslu í kafla 4.3. Óþarft er, og bíður það upp á hættu á misskilningi, að fjalla um losun lífrænna efna í gangsetningarfasa stöðvarinnar heldur ætti einungis að fjalla um þá losun er fyrirséð að verði við hámarksframleiðslu sem stefnt er að sækja um leyfi fyrir.

Í töflu 7 í kafla 4.3 er sýnd heildarlosun lífrænna efna miðað við hámarksframleiðslu, 1.200 tonn á ári. Í texta kemur fram að reikna megi með að helmingur þess lífrænna efnis er frá framleiðslunni berst muni verða eftir í hreinsivirki stöðvarinnar, ekki er gerð nánari grein fyrir í hverju hreinsunin verði falin. Samkvæmt þessum forsendum er losun lífrænna efna frá stöðinni innan þeirra viðmiða er Umhverfisstofnun hefur sett varðandi losun lífrænna efna í hafið frá sambærilegum eldisstöðvum. Þrátt fyrir það verður að taka tillit til þess að u.þ.b. 10 km innar í Eyjafirði eru friðlýstar hverastrýtur með sérstæðum og viðkvæmum jarðmyndunum og lífríki. Ekki er gerð nein grein fyrir mögulegum áhrifum losunar lífrænna efna frá starfseminni á hverastrýturnar.

Umhverfisstofnun getur ekki tekið afstöðu til þess hvort umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér nema fjallað sé um möguleg áhrif losunar lífræns efnis frá starfseminni á hverastrýturnar.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
teymisstjóri


Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur